

L Ö G**um verðjöfnunargjald raforku.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1975“ í 16. gr. 1. 83/1974 kemur: 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G**um kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Njarðvíkurhreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Njarðvíkurhrepp og heitir Njarðvíkurkaupstaður. Umdæmi þetta er í Reykjaneskjördæmi.

2. gr.

Sýslumaður Gullbringusýslu og bæjarfógeti Keflavíkur skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

3. gr.

Sýslunefnd Gullbringusýslu og bæjarstjórn Njarðvíkurkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eign eða vörslu Gullbringusýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara. Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða hvernig með skuli fara.